

eru fyrir, það er á þann hátt, að prestur vígi þau í hjónaband svo sem venjulegt er, þá getur eigi leyfi það, er um er sótt, orðið veitt. 137
8. nóv.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörð. 138

— Eptir að ráðgjafinn hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dags. 8. nóv. 20. sept. þ. á., hefur hans hátign konungurinn samkvæmt allra þegnsamlegastri tillögu ráðgjafans 5. þ. m. allramildilegast fallið á, að Gunnar hreppstjóri Halldórsson í Skálavík megi fá jörð Vatnsfjarðarkirkju, Ytri-Skálavík í Reykjarfjarðarhreppi í Ísafjarðarsýslu að makaskiptum fyrir hálfenduna Þernuvík í Ögurhreppi í sömu sýslu, þannig, að hin fyrnefnda jörð í tilliti til gjaldskyldu skoðist framvegis sem bændaæign og hin síðarnefnda einsog hver önnur kirkjujörð, og með því skilyrði, að beiðandinn, kostnaðarlaust fyrir kirkjuna, fái ákveðin skýr og viss landamerki milli hinnar síðarnefndu jarðar og jarðarinnar Látra, sem er næsta jörð við hana, og loks að hún verði fengin viðkomandi prest í hendur með löglegri úttektargjörð.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á kirkjujörð. — 139

Eptir að ráðgjafinn hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, 20. sept. 8. nóv. þ. á., hefur hans hátign konunginn samkvæmt allra þegnsamlegastri tillögu ráðgjafans 5. f. m. allramildilegast þóknast að fallast á, að jörðin Hvanná í Jökuldals- og Hlíðarhreppi í Norðurmúlasýslu, sem Hofteigsprestakall á, verði seld bóndanum Kristjáni Kroyer, þannig að þau 2 innstæðukúgildi, sem á henni eru, ekki fylgi með, fyrir 4500 kr., sem að helmingi skuli greiddar þegar í stað en að helmingi megi standa í hinni seldu jörð gegn fyrsta veðrjetti í henni og 4 af hundraði á ári í vöxtu, og skuli af jörðunni eptir söluna greiða tíund og önnur gjöld til hins opinbera svo sem af hverri annari bændaæign.

Þetta er eigi látið hjá líða þjónustusamlega að tilkynna yður hjer með, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum.

**2 brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán handa embættismönnum til húsaþýginga. — Með brjefum þessum samþykkti ráðgjafinn, að hjeraðslæknunum Þórði J. Thoroddsen og Einari Guðjohnsen yrðu veitt lán úr viðlagasjóði að upphæð 5000 kr. og 4000 kr. til byggingar íbúðarhúsa í Njarðvík og á Vopnafirði, og skyldu lán þessi veitt með sömu skilyrðum og tiltekin eru í brjefi ráðgjafans 13. apríl 1883 (Stj.tíð. 1883 B, bls. 61). 140
8. nóv.**

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á þjóðjörð samkvæmt lögum 8/11 83. — Í tilefni af tillögum yðar, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi 27. sept. þ. á., en því fylgdi bóнарbrjef frá Þ. Þorsteinssyni, ábúanda á Grund í Svínadal í Húnavatnssýslu, sem er hin 10. jörð í röðinni, er nefnd er í lögum 8. nóv. f. á. um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir, þar sem hann fer þess á leit, að hann fái jörð þessa keypta fyrir það verð sem ákveðið er lægst í lögnum eða 4500 kr., einsog hún er virt í virðingargjörð þeirri, sem einnig fylgdi með brjefi yðar, þá skal 141
8. nóv.**